



SAMTÖK HEILBRIGÐISSTÉTTA

Alþingi  
Erindi nr. P/133/1258  
komudagur 27.2.2007

Nefndarsvið Alþingis  
Finar Farestveit  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2007

Frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

Tilvísun:  
133. löggjafarþing 2006–2007.  
Þskj. 566 — 443. mál.

Veftilvísun:  
<http://www.althingi.is/altext/133/s/0566.html>

Samtök heilbrigðisstétta telja í meginatriðum jákvætt að lög séu sett um íslensku friðargæsluna. Það er þó einn liður í I. kafla sem getur orkað tvímælis. Það er liður e. um mannúðar- og neyðaraðstoð friðargæslu við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara.

Um árabíl hafa hjálparstarfsmenn, þar á meðal heilbrigðisstarfsmenn farið inn á áttakavæði og veitt mannúðar- og neyðaraðstoð. Heilbrigðisstarfsmennirnir hafa starfað á vegum Rauða krossins og annarra hjálparsamtaka (nongovernmental organizations, ngo's) og sem slíkir hafa þeir geta starfað sem hlutlausir aðilar. Þetta hlutleysi hefur veitt ákveðna vernd gegn árásum þeirra sem hafa átt í átökum.

Ef friðargæsluliðar, þar á meðal heilbrigðisstarfsmenn, eiga að fara inn á áttakavæði til að veita neyðaraðstoð, með það að markmiði að koma á friði samanber I. kafla, lið a og byggja upp stjórn mála- og efnahagslíf samanber I. kafla, lið d, er hætt við að hlutleysi heilbrigðisstarfsmanna á vegum Rauða krossins og annarra óháðra hjálparsamtaka "ngo's" verði stefnt í voða.

Heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á vegum hjálparsamtaka eru óvopnaðir, í borgaralegum klæðum og merktir viðkomandi hjálparsamtökum. Heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á vegum friðargæslunnar eru í einkenniklæðnaði/ hernaðarlegum klæðum og geta verið vopnaðir.

Með því að friðargæslan og hjálparsamtök vinni bæði að því að veita mannúðar- og neyðaraðstoð verða skilin á milli hernaðarhlutunar og hjálparstarfs óskýrari. Það eykur hættuna á að hjálparstarfsmenn verði fyrir árásum stríðandi aðila sem geta endað með örkumlun eða dauða hjálparstarfsmanna.

Því leggja Samtök heilbrigðisstétta til að liður e. Í fyrsta kafla verði felldur út úr lögunum.

F.h. Samtaka heilbrigðisstétta,

Lárus Steinþór Guðmundsson  
stjórnarmaður